

**102. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 27. janúar 2021
og hófst hann kl. 11:10.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir varaformaður, Helga Dóra Kristjánsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Villikettir Vestfjörðum - 2020100012

Með vísan í bókun Umhverfis- og framkvæmdanefndar frá 100. fundi, 13. október 2020, óskaði nefndin eftir nánari kynningu á verkefni Villikatta á Vestfjörðum, vegna beiðnar um samstarf.

Jóna Símonía Bjarnadóttir er boðuð til fundar f.h. félagsins Villikettir á Vestfjörðum

Umhverfis- og framkvæmdanefnd tekur undir með þörfina á átaksvinnu við skráningu katta í sveitarfélaginu. Sviðsstjóra er falið að vinna málið áfram og upplýsa nefndina á næsta fundi. Nefndin þakkar fyrir erindið.

Gestir

Jóna Símonía Bjarnadóttir - 11:10

2. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075

Lagður fram tölvupóstur Kormáks Axelssonar, f.h. umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 17. nóvember 2020, þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013 (málsmeðferð o.fl.), 276. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 1. desember 2020.

Á 1131. fundi bæjarráðs var máli þessu vísað til umhverfis- og framkvæmdanefndar.

Lagt fram til kynningar.

3. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið á Hornströndum - 2016110092

Lagður fram tölvupóstur og erindi Þórdísar Bjartar Sigþórsdóttur, sérfræðings hjá Umhverfisstofnun, dags. 7. janúar 2021, þar sem Umhverfisstofnun áformar að leggja fram tillögur að breytingum á tveimur af 15 sérreglum sem settar eru fram í

stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið Hornstrandir sem kom út árið 2019.

Óskað er eftir ábendingum og athugasemdum frá Ísafjarðarbæ ef einhverjar eru. Frestur er til 18. febrúar 2021.

Á 1136. fundi bæjarráðs þann 11. janúar 2021 var eftirfarandi bókað: „Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við reglu nr. 10 um landingar flugvéla innan friðlandsins, en telur framkomna tillögu af sérreglu nr. 2. of íþyngjandi.

Þá vísar bæjarráð erindinu til umhverfis- og framkvæmdanefndar og skipulags- og mannvirkjanefndar til umsagnar.“

Umhverfis- og framkvæmdanefnd Ísafjarðarbæjar tekur undir bókanir af 1136. fundi bæjarráðs og 551. fundar fundar skipulags- og mannvirkjanefndar þar sem nefndin bókaði eftirfarandi:

„Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir ekki athugasemdir við tillögur að breytingum á sérreglum 10, sem sett eru fram í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið Hornstrandir sem kom út árið 2019. Þó telur hún að regla nr. 2 sé of íþyngjandi og óskýr. Óskar hún eftir samstarfi Umhverfisstofnunar og bæjarritara Ísafjarðarbæjar við útfærslu á reglu nr. 2.“

Umhverfis- og framkvæmdanefnd gerir einnig athugasemd við að það sé ekki heimilt lengur að tjalda til einnar nætur í friðlandinu.

4. Þjónustusamningur um kortasjá - 2018030093

Kynnt minnisblað um uppfærslu á kortasjá sveitarfélagsins.

Máli frestað.

5. Stefna um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 -drög í samráðsgátt - 2021010072

Lögð fram umsagnarbeiðni frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, um drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032. Drögin eru sett fram undir heitinu „Í átt að hringrásarhagkerfi“.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd fagnar þessum drögum að meðhöndlun úrgangs og gerir því ekki athugasemdir. Nefndin fagnar því að það verði farið í að samræma flokkun á landsvísu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Helga Dóra Kristjánsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Helga Þuríður Magnúsdóttir